

## Nauðgunarmenningin

Íslenska ríkisvaldið er jafnaðarlega rassskellt af erlendum, yfirþjóðlegum dómstólum. Það verður fróðlegt að sjá niðurstöðuna í þessu sérstaka máli. Hér stendur talskona Stígmóta, Steinunn Gyðu-og Guðjónsdóttir, í sorgarbúningi, og útskýrir málshöfðun Samtakanna fyrir Mannréttindadómstólum vegna meintrar ófullnægjandi málmeðferðar lögreglu og saksóknara, að eigin sögn, á kærum kvenna um nauðganir.

Í áróðursherferð Stígamóta - að miklu leyti fjármögnuð af ríki og sveitarfélögum, þ.e. af skattþeningum þínum - er því haldið fram, að einungs 13% kvenna, sem kært hafa nauðgun - oftast kallaðir brotapolar á þeirra vígstöðvum - sé sýnt réttlæti. Því sé þessum hópi kvenna sýnt 87% óréttlæti. Þessi skemmtilega reikningsaðferð er algeng í baráttunni. Hér er nefnilega gengið út frá því, að allir "brotapolarnir," hafi orðið fyrir nauðgun. "Konum skal alltaf trúá," er borðorð þeirra.

Steinunn sér hvorki ástæðu til að fræða lesendur um meðferða annarra brota, né falskar nauðgunarákæur. Nauðganir á körlum og meðferð slíkra mála þykir heldur ekki áhugaverð í þessu sambandi.

Áróðurshandbragðið er kunnuglegt. Það væri fróðlegt að vita um samning Þjóðleikhússtjóra og Stígamóta um leigu á aðstöðu Þjóðleikhúss fyrir áróðursfund samtakanna.

Það er margt fleira áhugavert við fréttina. Hinn ungi kvenfréttamaður sýnir enga viðleitni til að rýna í starfsemina, sem hún auglýsir. Stígamót og Kvennaathvarf eiga greiðan aðgang að hugsunarlausum fjölmiðlum. Í samvinnu við menningarstofnanir eins og Hörpu (og líklega Þjóðleikhúsið) og ríkisfyrirtæki eins og Íslandsbanka og RÚV, er áróðri þeirra og baráttu fyrir tilvist sjálfra sín jafnaðarlega hvolft yfir landsmenn. Þessi áróðurshrina er liður í að viðhalda trú landsmanna á "vonda karlinum," ímynd karla, ungra og aldinna, sem er nauðgunarmenning í blóð borin.

Nauðgunarmenningin hefur náð heljartökum á kvenþjóðinni, sbr. t.d. málflutning fulltrúa Kennarasambands Íslands, Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur, undanfarið, og nauðgunarstæðin fyrir kvengesti í Hörpu.

Nauðgunarmenningin hefur hreiðrað um sig í skólum og dagvistarstofnunum og virðist endurspeglast í viðhorfi sumra starfsmanna. Þar eiga kátir og keikir þakkar oft erfitt uppdráttar.

Ein lítil saga nýleg (frá Íslandi að þessu sinni): Hann er þriggja ára, athafnasamur, vakandi, spurull, ræðinn og glettinn - en ekki skýrmæltur, kröfuharður um athygli. Hnokkinn hefur logandi áhuga á félögunum, Karíusi og Baktusi. Því er honum tannpína ofarlega í huga. Hann reyndi að ræða þetta áhugamál sitt við fóstrurnar sínar. Nú hafa þær farið fram á, að barninu verði vísað til sérfræðings, því hann sýni hegðunarerfiðleika og tali um "standpínu." Því sé hann trúlega beittur kynferðislegu ofbeldi og sé ofvirkur með athyglibrest.

Nauðgunarmennigin hefur margar ásjónur.

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/03/08/niu\\_konur\\_kaera\\_islenska\\_rikid\\_til\\_mde/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/03/08/niu_konur_kaera_islenska_rikid_til_mde/)